



undur og stórmerki

TORGID

Á Vinatorgi á Urriðaholti eru góðar forsendur fyrir fjölbreyttu mannlífi þar sem saman koma ólíkir hópar í margskonar erindagjörðum; Þar er mótsstaður nemenda Urriðaholtsskóla á leið í og úr skóla, þar fara sundlaugargestir um, þar eiga unglingar í félagsstarfi leið um seint og snemma dagsins og þangað sækja íbúar verslun og þjónustu og bjóða gestum á almennar og opnar torgsamkomur árið um kring. Þar eru óhjákvæmilegir snertifletir í margskonar skilningi. Merking staðarins mótast af notkun hans og staðurinn og mannlífið móta innihald listaverksins; það á rætur í stefnumóti ólíkra hópa og hugsanlegum áhrifum þeirra hvers á annan. Líf er hreyfing og allt er nýtt á hverri stundu.

LISTAVERKIÐ – HUGMYNDIN


Spírallinn er áminning um það að endurtekningin er ekki til í öðru formi en sem hreyfing – allt er alltaf nýtt í ákveðnum skilningi og ekkert gengur aftur í sama farið. Hann er frásögn um framrás tímans. Þegar hann svo hefur ýmist stækkandi eða minnkandi þvermál eða snýst annaðhvort rangsælis eða réttsælis, er hann í formgerð sinni táknmynd hins einstaka. Í miðju verkinu mætast þrír spíralar og þar er óreiðan mest. Þannig eru vendipunktur lífsins og þannig stendur þetta verk. Það er táknmynd fyrir þau **undur og stórmerki** sem lífið reynist vera í framvindu sinni. Við höfum áhrif hvert á annað og gefum umhverfi okkar sína staðbundnu merkingu með lífi okkar og samveru. Listaverkið er segulmiðja sem skapar með reglu sinni og óreiðu áhugaverða leið um torgið, en það er lykilatriði í að virkja það stóra rými sem torgið er. Torgið þarf að geta tekið á móti fólki og fjölmönnum samkomum árið um kring og því mikilvægt að margir þættir vinni vel saman. Verkið er opinn strnúktúr og utan með því eru setbekkir, gróðurbeð, tré og runnar og lágstemmd lýsing. Þá er lagt til að upplýst gönguleið verði á milli torgsins og nýbyggingar Oddfellow nyrst á Urriðaholtinu. Þar má setja niður setbekk (undur og stórmerki) og stílfærða útfærslu á merki Oddfellow í gangstétt, en þetta verður að vinna í samvinnu með arkitektum hússins.


UPPBYGGING LISTAVERKSINS

Verkið er smíðað úr ryðfríum stálörum sem sveigð eru í ólíka radíusa sem mynda þrjá spírala. Hver spírall hefur sjö boga, en hver þeirra hefur sitt þvermál og sína hliðrun (pitch). Tveir eru snúnir réttsælis og einn rangsælis. Rörin í verkinu eru 100, 120 og 140mm. í þvermál. Mesta hæð á verkinu er 3,7m. og að umfangi/flatarmáli er það nálægt 80m², en virkur hluti af torginu er um 1100m². Verkið er fest á steypa undirstöðu. Hellulögn undir verkinu er í sama plani og umhverfi þess.

Verkið er sterkbyggt og hlaðið innri spennu og á að þola mikið álag vegna veðurs og klífurs og er viðhaldslítið. Verkinu (einingafjölda, radíusum, efnisþvermáli, slípun og öðrum frágangi) er nánar lýst á teikningum.


Verkið hefur ekki áhrif á umferð um torgið, s.s. vegna aðkomu slökkviliðs, þjónustu og sorphirðu. Í tillögunni er ekki lagt til endanlegt val á yfirborðsefnum, ljóskösturum og ljósastaurum eða gróðri. Öll slík atriði verða valin í samvinnu með landslagsarkitektum. Lagt er til að trjágrindur, niðurföll og annað sem tilheyrir torgmyndinni verði hannað út frá verkinu - sjá hugmyndablöð.






Gamall staður - nýjir skuggar.

Skuggaspil um miðjan dag í september.






Litastýrð lýsing




Gönguleiðir, leiksvæði, samkomur ...



UNDUR OG STÓRMERKI er staðsett á Vinatorgi. Undir verkinu eru þrjár hellulagðar leiðir í gegnum það, en þær mætast í mikilli óreiðu í verkinu miðju.


Stílfærð útfærsla af merki Oddfellow er lögð í yfirborð gangstéttar við aðkomu að nýbyggingu reglunnar. Verkið er vatnsskorið úr grásteini af svæðinu.




Göngustígur - ljóslína - sjónlína


Leiðinni frá Vinatorgi að höfuðstöðvum Oddfellow nyrst á svæðinu er haldið opinni sem sjónlínu og gönguleið yfir bílastæði.

Lagt er til að trjágrindur og niðurföll og annað á torginu verði hannað með heildarmynd í huga.







1. Efni, ræðisár, hliðrun, snúningsstefnur og festingar.



2. Samstuð, spíralstefnur, óreiða og undirstöður.



3. Segulmiðja, samkomustaður.



undur og stórmerki

Útilistaverk á Vinatorgi / Urriðaholti

KOSTNAÐUR

Verkið er úr ryðfríum stálrörum að stærstum hluta. Rörin eru sveigð í ákveðna radiusa og soðin föst á stálplötur sem boltaðar eru við steinsteypta undirstöðu. Aðrir hlutar verksins eru úr grásteini, s.s. setbekkir og hnallar, en trjágrindur og niðurföll eru úr corten stáli. Yfirborðsefni/steinhellur verða í samræmi við önnur efni í umhverfinu. Ekki er hér lögð fram útfærsla eða kostnaður við smíði á merki Oddfellow-samtakanna við nýbygginguna. Lýsing fyrir listaverkið er felld í yfirborð torgsins, en torgið sjálft er lýst með ljósastaurum.

Tillagan að listaverkinu var kostnaðarmetin af stálsmiðju, en aðrir verkþættir eru gróft metnir af höfundi. Nokkrir kostnaðarliðir eru hér færðir á listaverkið, þó þeir í raun gætu reiknast á torgið í heild, en ekki er allsstaðar auðvelt að draga skýra línu þar á milli. Nokkrir þættir eru óljósir og þar sem hér er um tillögu á hugmyndastigi að ræða er réttast að vísa til hugmyndarinnar eins og hún er lögð fram og árétta að enn á margt eftir að skýrast varðandi mótun umhverfisins.

Kristinn Z. Ásgeirsson

Kostnaðarmat

Stálbogar = 21 stk.	Smíði = bogar á undirstöðufestingum + flutningur	19.800.000
Undirstöður	Steyptar járnbentar undirstöður – ca. 50m ²	4.000.000
Uppsetning	3 menn og vörubílskrani í viku	4.000.000
Setbekkir og hnallar	2 + 4stk.	3.500.000
Lýsing við verkið	Niðurfelld ljós	1.500.000
Höfundur	Lokateikningar, verklýsing, samvinna með arkitektum, eftirlit með smíði og uppsetningu (ferðir) + höfundarþóknun	10.000.000
Samtals		42.800.000